

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

Alþingi, 96. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1975.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

30. maí 1975.

Nr. 63.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 23. maí 1975 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76, 17. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

Niður fellur 2. mgr. 32. gr. A, svohljóðandi: Skrásettur stúdent fær í hendur háskólaborgarabréf, sem rektor undirritar.

43. gr. breytist á eftirfarandi hátt:

2. gr.

Upphaf 2. mgr. orðist svo: Próf í læknadeild eru haldin að vori og hausti, sbr. þó 42. gr. og ákvæði um próf á fyrsta ári í næstu málsgrein. Haustpróf eru eingöngu ... o. s. frv.

Milli 2. og 3. mgr. komi ný mgr., svohljóðandi: Janúarpróf fyrsta árs eru ekki endurtekin á öðrum árstímum. Þeir einir sitja áfram á vormisseri fyrsta árs, sem lokið hafa öllum janúarprófum þess árs með lágmarkseinkuninni 5 í hverri grein.

Næstsíðasta málsgrein 43. gr. orðist svo: Nái stúdent ekki tilskilinni einkunn í einhverju prófi, má hann þreyta það próf aftur næst þegar það er haldið, enda séu ákvæði um heildarnámstíma því ekki til fyrirstöðu.

3. gr.

46. gr. orðist svo:

a. Hlutverk deildarinnar.

1. Kennsla í tannlæknisfræði og skyldum greinum.
2. Rannsóknir í tannlæknisfræði og skyldum greinum.
3. Kennsla tannlæknakandidata, eftir því sem tilefni og ástæður gefast til.
4. Ráðgjöf um heilbrigðismál á sviði tannlækninga fyrir stjórnvöld.

b. Inntökuskilyrði.

Auk almennra skilyrða í 29. og 31. gr. gilda eftirfarandi inntökuskilyrði:

Af þeim stúdentum, sem innritast í tannlæknadeild og standast fyrsta árs próf skulu jafnan sex þeir efstu á ári hverju öðlast rétt til áframhaldandi setu í deildinni.

Séu tveir eða fleiri með sömu einkunn og gera þarf upp á milli þeirra um rétt til áframhalds gildir stúdentsprófseinkunn.

Stúdentar, sem ekki ná setu í deildinni, mega endurtaka öll prófin næsta ár eða láta fyrri próf gilda og keppa þá við nýstúdentana á jafnréttisgrundvelli.

c. Stjórn deildarinnar.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarforseta, deildarráðs og deildarfunda.

Deildarforseti hefur umsjón með störfum deildarinnar og er í forsæti á fundum, en varaforseti í forföllum hans. Deildarforseta skal kjósa á deildarfundum úr hópi prófessora til tveggja ára í senn. Varaforseti skal kosinn á sama hátt til tveggja ára.

Deildarráð skal vera deildarforseta til aðstoðar við afgreiðslu mála. Í því eiga sæti auk deildarforseta og varaforseta einn próffessor og einn kennari, sem rétt á til setu á deildarfundum. Ennfremur einn fulltrúi tannlæknanema tilnefndur til eins árs af aðalfundi félags þeirra.

Nýtt deildarráð tekur til starfa í upphafi skólaárs. Fundi skal halda í deildarráði eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði á kennslutímanum og oftari, ef þörf krefur. Deildarfundur getur þó komið í stað fundar í deildarráði að mati deildarforseta.

Deildarforseti boðar til deildarráðsfunda með dagskrá. Fundir eru því aðeins lögmætir, að minnst þrjú fulltrúar séu viðstaddir. Falli atkvæði jöfn í deildarráði ræður atkvæði deildarforseta úrslitum.

Deildarráð hefur úrslitavald í öllum málum, er deildina varða öðrum en þeim, er tilgreind eru í málsgrein um deildarfundum. Þá má vísa máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða minnst tveir deildarráðsmenn óska þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Deildarforseti sér um, að haldin sé fundargerðabók. Dagskrá og fundargerðir skulu sendar þeim, sem sæti eiga á deildarfundum.

Deildarfundur skal halda þegar tilefni er til, þó eigi sjaldnar en einu sinni á misseri. Þá skal boða til fundar, ef rektor eða minnst þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja þess.

Deildarfundur sitja fastráðnir kennarar deildarinnar, auk tveggja fulltrúa stúdenta, sem kosnir eru af aðalfundi félags þeirra.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra manna. Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði deildarforseta eða þess, er gegnir forsetastörfum. Deildarforseti skal boða til fundar bréflega með dagskrá og viku fyrirvara.

Deildarfundur hefur úrslitavald í þeim málum, sem til hans kann að verða vísað frá deildarráði. Á honum er kosið í deildarráð og ákvörðun tekin um embætta-veitingar. Ennfremur er þar tekin endanleg ákvörðun um tillögur varðandi breytingar á gildandi kennslufyrirkomulagi og námsreglum.

d. Kennslunefnd.

Kennslunefnd skal annast stöðuga endurskoðun á gildandi kennslutilhögun, samræmingu námsnefnis, kennslu og prófa í samráði við kennara og nemendur

deildarinnar og bera upp tillögur þar að lútandi. Tillögurnar eru háðar samþykki deildarfundar. Kennslunefnd sér um samningu lestrar- og kennsluáætlunar ár hvert, enda staðfesti deildarfundur hana.

Í kennslunefnd sitja 2 fulltrúar kennara, tilnefndir af deildarfundum til tveggja ára í senn, og 2 fulltrúar tannlæknanna tilnefndir af stjórn félags þeirra til sama tíma. Í fyrsta sinn skulu annar fulltrúi kennara og annar fulltrúi nema tilnefndir til eins árs.

Deildinni er heimilt að ráða kennslustjóra til eins árs í senn eða skemmri tíma, til að vinna að tilteknum verkefnum á sviði tannlæknakennslu, enda sé fjárveiting fyrir hendi.

e. Námstími.

Eigi skal líða lengri tími en sjö og hálf ár frá innritun til lokaprófs. Heimilt er þó, ef þörf krefur, að selja í lestrar- og kennsluáætlun nánari skilyrði um náms-tíma innan ofangreindra marka.

Er frestur er útrunninn, skal má nafn stúdents af stúdentali. Nú innritast hann að nýju, og er gildi fyrri prófa þá fallið. Undanþágu má þó veita vegna veikinda eða annarra forfalla, lögmetra að dómi deildarráðs, með samþykki háskólaráðs.

f. Kennsla.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, samtölum, umræðuhópum, með sýningum og verklegum æfingum.

g. Námsgreinar.

Til almennrar kennslu í tannlæknisfræði teljast þær námsgreinar, sem á hverjum tíma samræmast fræðasviði tannlækninga. Fræðasvið tannlækninga fjallar um allt er beint eða óbeint snertir gerð og starfsemi tyggingarfæra mannlíkamans.

Í lestrar- og kennsluáætlun skal ár hvert grein fyrir námsgreinum til kandidatsprófs.

4. gr.

47. gr. orðist svo:

Próf í tannlæknisfræði.

Um almenn ákvæði um próf vísast til sjötta kafla reglugerðar Háskólans með frávikum og viðaukum, sem hér greinir:

Regluleg próf eru jafnan haldin í lok misseris, þ. e. í janúar og maí, í því náms-efni, sem þá hefur verið gerð skil og nánar er tilgreint í lestrar- og kennsluáætlun.

Sjúkra- og upptökuprófum skal lokið áður en kennsla hefst í viðkomandi grein á ný, en deildin getur leyft próf á öðrum tíma vegna sérstakra ástæðna.

Prófgrein er hver sú námsgrein, sem sérstök einkunn er veitt fyrir. Sé kennsla fræðileg og verkleg má kennari gefa einkunn eftir verklegri frammistöðu stúdents á námstímanum og skal í lestrar- og kennsluáætlun gera grein fyrir hlutfalli hvers þáttar af heildareinkunn prófgreinar.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0 til 10. Greini prófanda og prófdómara á, gildir meðaltal einkunna þeirra. Meðaleinkunnir reiknast með einum aukastaf. Aðaleinkunn 9.0 til 10 er ágætiseinkunn, 7.3 til 8.9 er fyrsta einkunn, 6.0 til 7.2 er önnur einkunn og 5.0 til 5.9 er þriðja einkunn.

Vogtala prófgreinar gefur til kynna hlutfallstölu einkunnar greinarinnar af aðaleinkunn kandidatsprófs. Gera skal grein fyrir vogtölum í lestrar- og kennsluáætlun. Deildarfundur er heimilt að fengnum tillögum kennslunefndar að breyta vogtölu prófgreinar, enda sé það tilkynnt í upphafi kennsluárs.

Prófkröfur. Til þess að standast próf í tannlæknisfræði verður stúdent að hafa hlotið eigi lægri einkunn en 5.0 í hverri prófgrein. Gera skal grein fyrir nánari prófkröfum í lestrar- og kennsluáætlun. Endurtaki stúdent próf (að undanskildu 1. árs prófi), sem hann hefur staðist, samkvæmt 61. gr., er honum ekki skylt að endurtaka verkleg viðfangsefni eða æfingar, sem metnar eru til prófs, hafi þær áður verið teknar gildar.

5. gr.

48. gr. orðist svo:

1. Kennslugreinar í lagadeild eru þessar:

- 1.1. Almenn lögfræði og ágríp af réttarsögu, sbr. 49. gr. b. VI. 2. mgr.
- 1.2. Sifjaréttur, erfðaréttur og persónuréttur.
- 1.3. Stjórnskipunarréttur, stjórnarfarsréttur og ágríp af þjóðarétti.
- 1.4. Fjármunaréttur.
- 1.5. Refsiréttur.
- 1.6. Réttarfar.
- 1.7. Æfingar í úrlausnum raunhæfra verkefna.
- 2.1. Afbrotafræði.
- 2.2. Alþjóðlegur einkamálaréttur.
- 2.3. Félagaréttur.
- 2.4. Hagfræði.
- 2.5. Opinber stjórnsýsla.
- 2.6. Réttarsaga.
- 2.7. Sjóréttur.
- 2.8. Skattaréttur.
- 2.9. Vátryggingaréttur.
- 2.10. Þjóðaréttur.
- 3.1. Sérstakar kjörgreinar, sbr. 49. gr. a. III. og 49. gr. b. II.

6. gr.

49. gr. a orðist svo:

Embættispróf í lögfræði.

Námi til embættisprófs í lögfræði skal skipta í þrjá hluta.

I. kennslugreinar í fyrsta hluta eru þessar:

- 1.1. Almenn lögfræði og ágríp af réttarsögu.
- 1.2. Sifjaréttur, erfðaréttur og persónuréttur.
- 1.3. Stjórnskipunarréttur, stjórnarfarsréttur og ágríp af þjóðarétti.
- 1.4. Fjármunaréttur.
- 1.7. Æfingar í úrlausn skriflegra verkefna.

Kennslu í almennri lögfræði og ágrípi af réttarsögu skal haga þannig, að prófi í þeirri grein verði lokið í lok 1. námsárs. Stúdent skal hafa lokið prófinu áður en hann byrjar í lokaprófum 1. hluta. Vera skal eitt skriflegt próf í greininni og þarf einkunnina 7 (10.0 samkvæmt eldri einkunnastiga) til að standast það. Einkunn í almennri lögfræði skal ekki talin til 1. hluta prófs, en hins vegar til embættisprófs, sbr. 49. gr. b. VI. 2. mgr.

Æfingar skulu vera í úrlausn skriflegra verkefna, en ekki skal prófa í þessari grein.

Kennslu í öðrum greinum í 1. hluta skal haga þannig, að prófum í þeim verði lokið í lok 2. námsárs. Í fjármunarétti skal vera eitt skriflegt próf og einkunn ein. Í kennslugreinum 1.2 og 1.3 skulu vera tvö próf í hvorri grein, annað munnlegt en hitt skriflegt, og skulu bæði vera á sama próftímabili. Ein einkunn skal gefin fyrir hvert próf. Vera skulu sérstök próf í greinum 1.2 og 1.3 miðuð við námsefni fyrsta árs og ætluð stúdentum, sem óska að ljúka 1. hluta prófi í þessum greinum, annarri eða háðum í tvennu lagi. Kemur það próf þá í stað annars þeirra prófa, sem fyrir getur, ef stúdent nær einkunninni 6.5 (9.0 samkvæmt eldri einkunnastiga) hið minnsta. Þegar þessi háttur er hafður á, skulu skrifleg próf koma í stað munnlegra. Standist stúdent ekki áfangapróf 1. árs er honum eigi heimilt að þreyta það sérstaklega að nýju, en heimilt skal honum að ganga undir 1. hluta próf. Lokapróf í 1. hluta skulu tekin í einu lagi að frágengnum þeim áfangaprófum, sem stúdent hefur staðist.

Stúdent skal hafa lokið 1. hluta prófi, áður en hann þreytir próf í 2. hluta.

II. Kennslugreinar í öðrum hluta eru þessar:

- 1.4. Fjármunaréttur.
- 1.5. Refsiréttur.
- 1.6. Réttarfar.
- 1.7. Æfingar í úrlausn raunhæfra verkefna.

Kennslu í 2. hluta skal haga þannig, að ljúka megi náminu á tveimur árum. Í greinum 1.4, 1.5 og 1.6 skulu vera tvö próf, bæði á sama próftímabili. Skal annað vera skriflegt, hitt munnlegt. Ein einkunn skal gefin fyrir hvert próf. Í grein 1.7 skal vera eitt skriflegt próf, en einkunn í því hafa tvöfalt gildi. — Vera skulu sérstök próf í greinum 1.4, 1.5 og 1.6 miðuð við námsefni eins árs og ætluð stúdentum, sem óska að ljúka 2. hluta prófi í þessum greinum, einni eða fleiri, í tvennu lagi. Slikt próf kemur í stað annars þeirra prófa, sem fyrir getur, fyrir þá stúdent, sem fengið hafa einkunnina 6 (8.0 samkvæmt eldri einkunnastiga) hið minnsta. Þegar þessi háttur er hafður á skulu skrifleg próf koma í stað munnlegra prófa. — Á prófi í úrlausn raunhæfs verkefnis skal reyna á sem flesta þætti í prófgreinum 1. og 2. hluta.

Stúdent skal hafa lokið 2. hluta prófi, áður en hann þreytir próf í 3. hluta.

III. Kennsla í þriðja hluta.

Áður en innritunarfresti til vorprófa lýkur, skal stúdent, sem hyggst ljúka loka-prófi í 2. hluta að vori eða hausti það ár, velja einn af kennurum deildarinnar umsjónarkennara sinn. Skal það háð samþykki deildarforseta og hlutaðeigandi kennara. Í samráði við umsjónarkennara sinn ber stúdent að gera áætlun um nám sitt í 3. hluta og skal námsáætlun lögð fram eigi síðar en 1. maí það ár, sem stúdent hyggst ljúka 2. hluta prófi. Í námsáætlun skal m. a. tiltaka þá grein, er stúdent hyggst stunda framhaldsnám í og hvort hann stefni að ritgerð eða prófi í greininni. Ágreiningi um námsáætlun má skjóta til lagadeildar.

Áður en innritunarfresti til vorprófa lýkur, skal stúdent, sem hyggst ljúka loka-prófi í 2. hluta að vori eða hausti það ár, velja tvær kjörgreinar (þ.e. greinar 2.1—2.10 og 3.1). Skal hann ljúka munnlegum prófum í þeim báðum. Þó getur lagadeild heimilað skrifleg próf í einstökum greinum eða þáttum þeirra, ef ástæða þykir til. Gefin skal sérstök einkunn fyrir hvort próf, en meðaltal þeirra reiknast sem ein einkunn á embættisprófi. Að öðru leyti skal nám í 3. hluta að jafnaði vera á einu sviði og miða að framhaldsnámi í grein, sem stúdentinn hefur áður lagt stund á í lagadeild, þ. e. greinum 1.1—1.6 og 2.1—2.10. Fyrir námsárangur skal gefa tvær einkunnir, fyrir próf og/eða ritgerð eftir ákvörðun í námsáætlun. Ef einvörðungu er tekið próf skal annað vera skriflegt, en hitt munnlegt. Kennara og próðómara er heimilt að prófa nemanda munnlega um efni ritgerðar og meta frammistöðu sem hluta af einkunn fyrir ritgerðina.

Lagadeild getur leyft að námi í 3. hluta verði hagað með öðrum hætti en greint var bæði þannig, að sérstakar kjörgreinar skv. lið 3.1 í 48. gr. verði viðfangsefni hans í deildinni, svo og að nám í öðrum háskóladeildum komi í stað náms í lagadeild og próf þar í stað prófa í lagadeild, allt eftir því sem nánar verður ákveðið í hvert sinn.

Nám í þriðja hluta skal stundað undir umsjón kennara, og kennslu með fyrirlestrum, samtölum, umræðufundum og æfingum skal haldið uppi eftir því sem hagkvæmt og unnt er. Ef sérstakir erfiðleikar eru á kennslu í greinum 2.1—2.10 getur lagadeild ákveðið fyrir eitt ár í senn, að þær skuli ekki kenndar og viðurkenndar sem hluti af námi í 3. hluta.

Að öðru leyti setur lagadeild nánari reglur um nám í 3. hluta.

7. gr.

49. gr. b. orðist svo:

Framhaldsnám og námsreglur.

I. Framhaldsnám. Í lagadeild skal halda uppi kennslu og leiðbeiningum fyrir kandidata, eftir því sem aðstæður leyfa. Skal stefnt bæði að leiðbeiningum fyrir einstaka kandidata, að námskeiðum fyrir hópa og að reglubundinni fræðilegri framhaldsmenntun. Kandidatar eiga kost á að fylgjast með kennslu fyrir stúdenta í 3. hluta eftir því sem við verður komið. Að öðru leyti ákveður lagadeild hvernig kennslu fyrir kandidata er hagað. Heimilt er að gefa út vottorð um nám þeirra að fullnægðum skilyrðum, sem deildin setur, t. d. um próf. Lagadeild setur nánari reglur um vottorð þessi.

II. Önnur fræðsla. Við lagadeild skal efna til fyrirlestra og anarrar fræðslu umfram það, sem talið hefur verið, eftir því sem aðstæður leyfa, og fer um það eftir nánari ákvörðunum deildarinnar hverju sinni.

Fræðsla þessi skal meðal annars miðuð við þarfir annarra háskóladeilda. Fer þá um próf eftir sérstakri ákvörðun hverju sinni.

III. Námsreglur. Lagadeild er heimilt að setja reglur um leiðbeiningar og umsjón með námi stúdenta, um skyldu þeirra til að leysa tiltekinn fjölda raunhæfra verkefna meðan þeir eru við nám í 2. hluta, um skyldu þeirra til að taka þátt í æfingum í tengslum við kennsluna, um skyldu þeirra til að halda seminarerindi og skila ritgerðum um afmörkuð efni.

IV. Námsvist á lögfræðistofum. Áður en stúdent segir sig til 3. hluta prófs skal hann leggja fram skilríki fyrir starfi á lögfræðiskrifstofu í a. m. k. 2 mánuði eftir

að hann lauk 1. hluta prófi. Starfað skal hann hafa undir handleiðslu lögfræðings á skrifstofu í stofnun, þar sem reynir á lagaleg atriði. Lagadeild setur nánari reglur um þetta starf, m. a. um, að umsjónarkennari samþykki fyrirfram, hvar það skuli stundað og hvenær.

V. Námstími. Kennslu í lagadeild skal haga þannig, að stefnt sé að því, að embættisprófi sé lokið eftir 5 ára nám.

Stúdent skal ljúka prófi í almennri lögfræði ekki síðar en á því almanaksári, þegar hann hefur verið samfleytt tvö ár í deildinni. Hann skal ljúka 1. hluta prófi ekki síðar en á því almanaksári þegar hann hefur verið samfleytt fjögur ár í deildinni. Hann skal ljúka embættisprófi ekki síðar en á því almanaksári, þegar hann hefur verið samfleytt sjö ár í deildinni. Ef stúdent lýkur ekki prófum samkvæmt framanskráðu ber að taka nafn hans af skrá yfir nemendur lagadeildar. Lagadeild getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef veikindi eða svipaðar vitaleysisástæður koma til.

VI. Próf. Próf í almennri lögfræði og lokapróf í 1., 2. og 3. hluta skal halda í maí, júní og september. Í maí—júní skal halda próf, sem eru hluti prófs 1. eða 2. hluta. Önnur próf skal halda eftir ákvörðun deildar hverju sinni.

Embættispróf er fólgið í prófi í almennri lögfræði, prófum í öðrum greinum 1. hluta, greinum 2. hluta og greinum 3. hluta. Skulu einkunnir lagðar saman eftir að einkunn í kjörgreinum hefur verið fundin sky. ákvæði 49. gr. a III, 2. mgr. Stúdent er ekki heimilt að ljúka embættisprófi fyrr en í maímánuði hinum næsta, eftir að hann lauk 2. hluta prófi. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessu, ef sérstaklega stendur á.

Einkunnir í einstökum greinum skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Aðaleinkunn er vegið meðaltal allra prófseinkunna einstakra greina. Aðaleinkunn reiknast með einum aukastaf, og er 9.0—10 ágætiseinkunn, 7.3—8.9 er fyrsta einkunn, 6.0—7.2 er II. einkunn.

Auk þeirra lágmarkseinkunna, sem áskildar eru í 49. gr. a I, 2. og 4. mgr. og II, 2. mgr., þarf stúdent að hljóta einkunnina 6.5 (9.0 eftir eldri einkunnastiga) að meðaltali í 1. hluta og einkunnina 6 (8.0 eftir eldri einkunnastiga) í 2. og 3. hluta til að standast próf í hverjum hluta fyrir sig.

Sá sem lokið hefur embættisprófi, ber próftítilinn *candidatus juris* (cand. jur.).

VII. Umsjónarkennarar og námsstjóri. Hlutverk umsjónarkennara er að fylgjast með námi stúdenta í 3. hluta og leiðbeina þeim. Ef stúdent óskar þess að hann fái umsjónarkennara fyrr á námsferlinum, skal orðið við þeirri ósk, nema sérstök vandkvæði séu á því að dómi lagadeildar.

Lagadeild getur með samþykkt falið einum af kennurum deildarinnar að vera námsstjóri, og skulu verkefni hans ákveðin af deildinni.

VIII. Gildistaka o. fl. Reglur þær um lagakennslu, sem settar eru í reglugerð þessari skulu gilda um þá stúdenta, sem innritast hafa til laganáms eftir 1. júní 1970. Þó skulu ákvæði um breyttar lágmarkseinkunnir einungis ná til prófa, sem tekin eru eftir 1. október 1975. Gildir það einnig um lágmarkseinkunn í tilteknum prófhluta, þótt áfangaprófi í þeim hluta sé lokið fyrir þann tíma. Stúdentum, sem skráðir eru til náms eftir 1. júlí 1975 skulu gefnar einkunnir eftir ákvæðum 3. mgr. 49. gr. b VI. Þeim, sem fyrr eru skráðir, skulu gefnar einkunnir eftir eldri stiga. — Stúdentar, sem innritaðir eru fyrir 1. júní 1970, mega haga námi sínu og prófum eftir þessum ákvæðum, enda hafi þeir sagt til um það fyrir 1. apríl 1971 eða lagadeild samþykkt

breytinguna ella. Síðast skal prófað eftir eldri reglugerðarákvæðum árið 1977. Stúdent sem stundar nám eftir þeim og ekki hefur lokið embættisprófi 1977, skal felldur af skrá yfir nemendur lagadeildar. — Ákvæði III. og IV. töluliða þessarar greinar um námsreglur og námsvist í lögfræðistofum skulu gilda um þá stúdenta, sem innritast hafa, áður en reglugerð er sett og ekki stunda að öðru leyti nám, eftir henni.

8. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. maí 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.